

**Nd.**

**271. Nefndarálit**

um frv. til laga um skipamiðla.

Frá allsherjarnefnd.

Um það bil sem nefndin tók að athuga þetta frv., barst henni frá einum háttv. deildarmanna uppkast að frv. til laga um verslunar- og siglingamiðla. Þetta siðarnefnda frv. er [miklu yfirgripsmeira en frv. um skipamiðla, en tekur hins vegar til þessara miðla. Nú þykir nefndinni líklegt, að þörf sje á lagaákvæðum um fleiri miðla en skipamiðla, og eðlilegast, að um þá miðla, sem slíkt yrði á-litið, verði sett að eins ein lög. Vegna þessa þykir nefndinni rjettast, þar sem þörf er á góðum undirbúningi undir slík lög, að visa þessu máli í heild sinni til stjórnarinnar og fela henni að undirbúa undir næsta þing frv. til laga um miðla, ef henni, að undangenginni rannsókni, þykir þörf á slíku.

Nefndin ræður því háttv. deild til að afgreiða mál þetta með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ.**

Deildin væntir þess, að stjórnin athugi, hvort eigi sje þörf á lagaákvæðum um verslunar- og siglingamiðla, og ef hún telur slíka þörf fyrir hendi, að hún þá leggi fyrir næsta reglulegt Alþingi frv. til laga í þá átt. Í von um þetta tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 29. maí 1918.

Einar Arnórsson,  
formaður.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari og framsögumaður.

Einar Jónsson. Þorleifur Jónsson. Pjetur Ottesen.